

**634. fundur haldinn þriðjudaginn 18. desember 2001 kl. 11:30**  
**Veitingahúsið Lækjarbrekka, Reykjavík**

**Mættir:**

Tómas Ingi Olrich, formaður  
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður  
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF  
Hrönn Greipisdóttir, fulltrúi SAF  
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands  
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga  
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga  
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Áður en gengið var til dagskrár mætti Steinn Logi Björnsson farmkvæmdastjóri hjá Flugleiðum á fundinn að ósk formanns og kynnti áform Flugleiða um breytingar í rekstri fyrirtækisins á næsta ári og svaraði spurningum ráðsmanna.

**1. Fundargerð 633. fundar.**

**Afgreiðsla:** Samþykkt

**2. Erindi umhverfisráðuneytis.**

Umhverfisráðuneytið óskar umsagnar Ferðamálaráðs um kærur vegna úrskurðar um Villinganesvirkjun í Skagafirði.

**Afgreiðsla:** Þar sem Ferðamálaráð gerði athugasemdir við Skipulagsstofnun um þessa framkvæmd fyrir á árinu var samþykkt að hafi forsendur ekki breyst frá því sú athugasemd var gerð verði eingöngu vísað til hennar í svari til ráðuneytisins.

**3. Þolmörk ferðamannaáða.**

Ráðsmenn lýstu yfir ánægju með vinnuna við rannsóknina. Nokkar ábendingar voru gerðar hvað varðar framsetningu.

**Afgreiðsla:** Formaður, ferðamálastjóri og Pétur Rafnsson fari yfir umræddar athugasemdir með höfundum og síðan verði skýrslan gefin út.

**4. Talning ferðamanna í Leifsstöð.**

Fyrir liggur að sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli er tilbúið til að aðstoða við að koma fyrir og taka að sér rekstur á tölvuvæddri talningu við brottför úr landi. Stofnkostnaður er áætlaður allt að 2 millj. króna og árlegur rekstrarkostnaður 1,5 milljónir.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

**5. Önnur mál.**

**a)** Pétur Rafnsson vakti athygli á því að aðeins væru 12 dagar eftir af gildandi samkomulagi um Upplýsingamiðstöð ferðamála.

**b)** Hrönn Greipisdóttir vakti athygli á tölvupósti sem Áslaug Alfreðsdóttir hafði sent ráðsmönnum og fleirum varðandi aukna fjármuni til markaðsmála ferðaþjónustu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 13:00